

Fjölskyldumiðuð hugræn atferlismeðferð (FM-HAM)

Verklag barnaverndarþjónustu og Barnahúss

Barnaverndarþjónustan og meðferðaraðilar FM-HAM eru í virkum samskiptum meðan á meðferð stendur til að tryggja öryggi barna og fjölskyldunnar. Þetta er forsenda þess að árangur náist í FM-HAM meðferð. Þar af leiðandi er mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- Fundur er haldinn við upphafs FM-HAM meðferðar þar sem barnaverndarþjónusta, forsjáraðili/ar og meðferðaraðili FM-HAM fara yfir uppbyggingu meðferðar, meðferðaráætlun og mikilvæg þess að fjölskyldan ljúki FM-HAM meðferð (16 til 20 skipti) til að hægt sé að tryggja sem best öryggi barnsins.
- Hlutverk barnaverndarþjónustu er: a) Að fylgjast með öryggi barnsins á meðan FM-HAM meðferðin stendur yfir og grípa inn í ef upp koma vísbendingar um að öryggi barns sé ekki tryggt á heimilinu. b) Að upplýsa meðferðaraðila FM-HAM hvernig eftirlitinu verður háttað á meðan fjölskyldan er í meðferð til að tryggja sem best öryggi barnsins.
- Ef barnaverndarþjónusta þarf að hafa afskipti á heimilinu vegna gruns um ofbeldi ber henni að upplýsa meðferðaraðila FM-HAM um ástæðu afskipta. Sama á við um meðferðaraðilann sem ber að tilkynna barnaverndarþjónustu um öll ný atvik (brot á barnaverndarlögum) sem upp koma meðan fjölskyldan er í meðferð.
- Ef barn er vistað utan heimilisins og áætlað er að barnið flytji aftur á heimilið þá er mikilvægt að barnaverndarþjónustan fylgist með framgangi FM-HAM meðferðar til að meta hvort öruggt sé að barnið flytji aftur heim. Til að hægt sé að tryggja sem best öryggi barns á heimilinu, er æskilegt að öryggisáætlun (meðferðaráætlun) liggja fyrir og samningur sé gerður við forsjáraðila (gert í FM-HAM) um að beita barnið ekki ofbeldi.
- Ef áætlað er að barn hefji umgengni með forsjáraðila, sem hefur beitt ofbeldi, er mikilvægt að barnaverndarþjónustan fylgist með framgangi FM-HAM meðferðar til að meta hvort öruggt sé að barnið fari í umgengni. Til að hægt sé að tryggja sem best öryggi barnsins, er æskilegt að öryggisáætlun (meðferðaráætlun) liggja fyrir og samningur sé gerður við forsjáraðila (gert í FM-HAM) um að beita barnið ekki ofbeldi.
- Eftir að FM-HAM meðferðin lýkur er mælt til þess að barnaverndarþjónusta fylgi málinu eftir svo hægt sé að tryggja sem best öryggi barns á heimilinu. Æskilegt er að í meðferðaráætluninni komi fram með hvaða hætti og hversu lengi eftirlitinu verður háttað. Enn fremur, mun FM-HAM meðferðaraðilinn hafa samband við forsjáraðila u.þ.b. fjórum til sex mánuðum eftir að meðferðinni lýkur til leggja fyrir matslista og meta stöðuna og eftir atvikum ljúka málinu.